

Íbúðalánasjóður getur heimilað skuldara veðbreytingu (flutning) á lánum samkvæmt þessari grein. Veðkröfur sjóðsins eru þær sömu og í 1. mgr.

Hafi skuldari ekki samið um greiðslu kröfunnar við Íbúðalánasjóð sendir sjóðurinn honum árlega yfirlit yfir skuldastöðu hans.

7. gr.

Skuldarar fá ekki fyrirgreiðslu að nýju hjá Íbúðalánasjóði fyrr en kröfur sjóðsins á hendur þeim hafa verið greiddar, eða þeir gefið út skuldabréf til skuldbreytingar kröfunni skv. 6. gr. eða þær afskrifaðar skv. 8. gr.

Þegar skuldari hefur gefið út skuldabréf til greiðslu á kröfu getur hann sótt um fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði að nýju. Skuld samkvæmt slíku skuldabréfi skal tilgreind í greiðslumati ásamt öðrum skuldum og tekið tillit til hennar við mat á greiðslugetu skuldara.

8. gr.

Að liðnum 5 árum frá nauðungarsölu er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að afskrifa kröfur sem glatað hafa veðtryggingu enda sýnt að skuldari hafi ekki haft og hafi ekki fjárhagsgetu til að greiða kröfuna vegna ófyrirséðra eða óviðráðanlegra atvika.

Íbúðalánasjóði er einnig heimilt að afskrifa eftirstöðvar skuldar, sem áður hefur verið samið um, greiði skuldari með eingreiðslu 60% kröfunnar eins og hún stendur við greiðslu.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 47. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 550/1999, um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. október 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 1980-2000, neðan Búðavegar frá hafskipabryggju að smábátahöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 1980-2000 frá 17. ágúst 1981.

Breytingin varðar svæðið neðan Búðavegar frá hafskipabryggju að smábátahöfn og felst í því að komið er á nýrri vegtengingu á fyllingu við fjöruborðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Búðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.